

Úthlutunarreglur styrkja menningar- og ferðamálaráðs Bolungarvíkur

1. Tilgangur styrkjanna er að efla menningu og ferðaþjónustu í Bolungarvík.
2. Umsækjendur geta verið einstaklingar, fyrirtæki, félagasamtök og stofnanir.
3. Styrkir verða ekki veittir til verkefna sem eru á vegum ríkis eða sveitarfélaga.
4. Styrkir geta aldrei verið hærri fjárhæð en sem nemur helmingi alls kostnaðar við verkefni. Að öllu jöfnu skal fjárhæð hvers styrks ekki vera hærri en kr. 100.000.
5. Umsóknir um styrki skulu vera á eyðublöðum frá menningar- og ferðamálaráði sem eru aðgengileg á skrifstofu Bolungarvíkurkaupstaðar og á heimasíðu sveitarfélagsins. Umsóknir skal stíla á menningar- og ferðamálaráð og eiga þær að berast bæjarskrifstofu Bolungarvíkurkaupstaðar.
6. Umsóknarfrestur er fjórum sinnum á ári hverju og skal skila umsóknum til menningar- og ferðamálaráðs eigi síðar en 1. febrúar, 1. maí, 1. september eða 1. desember. Menningar- og ferðamálaráð skal auglýsa eftir umsóknum á heimasíðu Bolungarvíkurkaupstaðar með a.m.k. mánaðar fyrirvara.
7. Umsóknir eru afgreiddar fjórum sinnum á ári sbr. 6. grein, en verkefni eða viðburð skal miða við yfirstandandi almanaksár.
8. Skila þarf inn ítarlegri greinagerð um framvindu og stöðu verkefnis með umsókn ef umsækjandi hefur áður fengið styrk til sama verkefnis.

Reglur þessar voru staðfestar á 715. fundi bæjarstjórnar Bolungarvíkur 28. júní 2016.